

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2004

frá 19. mars 2004

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2003 frá 5. desember 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/45/EB frá 28. maí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræs ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 2002/57/EB) í 1. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **32003 L 0045:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/45/EB frá 28. maí 2003 (Stjtið. EB L 138, 5.6.2003, bls. 40).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/45/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. mars 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 39 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 138, 5.6.2003, bls. 40.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.